# HRUNAMANNAHREPPUR

**36. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR**
**KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 5. FUNDUR ÁRSINS**
**VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. MAÍ 2017**
**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2017, þann 11. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, beiðni foreldra um lengri opnun í leikskólanum Undralandi. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

***Erindi til sveitarstjórnar:***

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2016: Seinni umræða.
2. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.
3. Félag eldri Hrunamanna: Beiðni um styrk.
4. Batasetur Suðurlands geðræktarmiðstöð: Beiðni um stuðning.
5. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).
6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.
7. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.
8. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál).
9. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlaðs fólk með miklar stuðningsþarfir.
10. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.
11. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyirr árið 2017-2021.
12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.
13. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EEA-reglur o.fl.).
14. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli.
15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.
16. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.
17. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnislaust Ísland.
18. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).
19. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar).
20. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022.
21. Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

22. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Farmers Bistro ehf.
23. Jörðin Laugarás.
24. Ísland ljóstengt: Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi.
25. Þjóðskrá: Lóðamál í Kerlingarfjöllum.
26. Skólanefnd ML: Aðgangur að íþróttamannvirkjum á Laugarvatni.
27. Nautgriparæktarfélag Hrunamanna: Aðstaða fyrir muni.
28. Næsti fundur sveitarstjórnar.
29. Íbúafundir.

***Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:***

30. Vinnuhópur vegna bókunar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 24. apríl sl.

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:***

31. Fundargerð 132. fundar skipulagsnefndar frá 19. apríl s.l.
32. Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð 5. fundar frá 10. apríl s.l.
33. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 42. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.
34. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 43. fundar stjórnar frá 19. apríl s.l.
35. NOS: Fundargerð frá 6. mars s.l.
36. NOS: Fundargerð frá 25. apríl s.l.

***Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:***

a. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 2. maí s.l.
b. Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 18. fundar fagráðs frá 25. apríl s.l.
c. Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 19. fundar fagráðs frá 2. maí s.l.
d. SASS: Fundargerð 518. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.
e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 255. fundar stjórnar frá 3. maí s.l

***Kynningarmál:***

f. Kerlingarfjallavinir: Fundargerðir stjórnar.
g. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð aðalfundar frá 13. mars s.l.
h. Skipulags og byggingarfulltrúi uppsveita bs: Deiliskipulagsbreyting.
i. Vodafone: Ljósleiðari.
j. UMFÍ: Ályktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugabakka 2017.
k. HSK: Samþykkt.
l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 849. fundar stjórnar frá 31. mars s.l.
m. Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2016.

***Fundir framundan***

n. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundur 11. maí á Hótel Selfossi.
o. Límtré Vírnet ehf: Aðalfundur 17. maí n.k. á Hótel Natura.
p. Hitaveita Grafarhverfis ehf: Aðalfundur 22. maí n.k. að Hótel Flúðum.
q. Landskerfi bókasafna hf: Aðalfundur 24. maí n.k.

***Skýrslur á skrifstofu:***

r. Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga: Ársreikningur 2016.
s. Hótel Flúðir: Ársreikningur 2015.
t. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Ársreikningur 2016.
u. Rarik: Ársskýrsla 2016
v. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum: Starfsskýrsla 2013-2016.
w. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársreikningur 2016.

***Erindi til sveitarstjórnar:***

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2016: Seinni umræða.**
   Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2016 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 67 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 79,7 millj. Nettófjárfesting var 31,9 millj. Veltufé frá rekstri 123,7 millj. Heildar eignir 1,296 millj., heildarskuldir 751,6 millj. og eigið fé 544,6 millj. Skuldahlutfall er 78% og hefur lækkað úr 94% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

2. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.**
   Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan var auglýst þann 26. janúar 2017 með athugasemdafresti til 10. mars. Með auglýsingu sem birtist 9. mars var athugasemdafrestur lengdur til 21. apríl. Á kynningartíma bárust 4 athugasemdabréf auk 8 nýrra umsagna. Er tillagan nú lögð fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við ýmis atriði umsagna og athugasemda. Þá eru jafnframt lögð fram tvö minnisblöð þar sem fram koma tillögur að umsögn og viðbrögðum við öllum athugasemdum og ábendingum innkominna athugasemda og umsagna.
   Sveitarstjórn samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram og samþykkir jafnframt tillögu að umsögn um innkomnar athugasemdir og umsagnir. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagi til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
3. **Félag eldri Hrunamanna: Beiðni um styrk.**
   Oddviti kynnti styrktarbeiðni frá Félagi eldri Hrunamanna til að veita Hrunamönnum 60 ára og eldri og öryrkjum styrk til að stunda vatnsleikfimi/jóga. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við Félag eldri Hrunamanna um heildarsamning um stuðning sveitarfélagsins við tómstundastarf eldri borgara í Hrunamannahreppi.
4. **Batasetur Suðurlands geðræktarmiðstöð: Beiðni um stuðning.**
   Oddviti kynnti erindi frá Batasetri Suðurlands þar sem sótt er um styrk til rekstursins. Sveitarstjórn telur verkefnið þarft en bendir á að það sé fyrst og fremst hlutverk ríkisins að styðja slíka starfssemi sem flokkast undir heilbrigðismál. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000. Styrkurinn bókast undir lið 0281.
5. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).
6. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.
7. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.
8. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál).**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga ( innleiðing samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál). Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.
9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.
10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.**
    Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.

11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árið 2017-2021.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árið 2017-2021. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.
12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.
13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EEA-reglur o.fl.).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EEA-reglur o.fl.).
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Sveitarstjórn styður tillöguna.
15. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.
16. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.
17. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnislaust Ísland.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillpgur til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnislaust Ísland.
18. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).
19. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar).
20. **Samband Íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022.**
Oddviti kynnti umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambandsins við fjármálaáætlunina.
21. **Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.**
Oddviti kynnti samþykkt fyrir Umhverfis og tæknisvið Uppsveita bs. en vegna breytingar á nafni byggðasamlagssins þarf að endurnýja samþykktina. Sveitarstjórn staðfestir samþykktina og felur oddvita að undirrita hana.

22. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Farmers Bistro ehf.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi vegna Farmerns Bistro ehf. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits og brunavarna.
23. **Jörðin Laugarás.**
Oddviti kynnti kynnti bókun frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps um sölu á jörðinni Laugarás sem er í sameign sveitarfélaganna í Uppsveitum. Sveitarstjórn tekur undir bókun Skeiða- og Gnúpverjahrepps og samþykkir að fela oddvita að ræða við hin sveitarfélögin um möguleika á sölu jarðarinnar.
24. **Ísland ljóstengt: Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti stöðu mála vegna lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að áfram verði unnið að undirbúningi fyrir lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi á grundvelli verkefnisins „Ísland ljóstengt"
25. **Þjóðskrá: Lóðamál í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá Þjóðskrá varðandi frekari skráningu á lóðum í Kerlingarfjöllum vegna fasteigna þar. Sveitarstjórn telur heppilegt að bíða með slík mál þar til frekari vinna hefur farið fram um hvernig Kerlingarfjallasvæðið eigi að þróast.
26. **Skólanefnd ML: Aðgangur að íþróttamannvirkjum á Laugarvatni.**
Oddviti kynnti bókun skólanefndar ML um aðgang að íþróttamannvirkjum á Laugarvatni. Sveitarstjórn tekur undir bókun skólanefndar ML varðandi mikilvægi þess að íþróttahús verði starfrækt á Laugarvatni sem myndi nýtast menntaskólanum. Bent er á að öflugt íþrótta- og félagslíf hefur verið eitt af aðalsmerkjum ML. Ungmenni úr Hrunamannahreppi hafa sótt skólann frá upphafi og lítur sveitarstjórn svo á að ef að ekki finnst ásættanleg lausn á rekstri íþróttamannvirkja við skólann sé mikilvægri stoð kippt undan skólastarfinu. Því fer sveitarstjórn fram á við ráðherra mennta- og menningarmála og ráðherra fjármála að finna viðhlýtandi lausn til framtíðar hið allra fyrsta.
27. **Nautgriparæktarfélag Hrunamanna: Aðstaða fyrir muni.**
Oddviti kynnti beiðni frá nautgriparæktarfélagi Hrunamanna um kaup á skáp fyrir muni sem félög í sveitinni geta geymt hluti sína í. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og húsverði félagsheimilisins að koma upp slíkri aðstöðu í félagsheimilinu.
28. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 8. júní nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.
29. **Íbúafundir.**
Sveitarstjórn ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum miðvikudaginn 17. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2016. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Þá mun einnig fara fram kynning á hugmyndum vegna lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi auk almennra umræðna.
Þá verður haldinn annar íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum mánudaginn 29. maí nk. kl. 20:00 til að kynna vinnu við kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna í Árnessýslu. Ráðgjafar KPMG munu mæta á fundinn og fara yfir vinnu sína við sviðsmyndagreingu verkefnisins.

***<u>Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:</u>***

30. **Vinnuhópur vegna bókunar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 24. apríl sl.**
Oddviti kynndir fundargerð vinnuhóps vegna kjarasamnings kennara frá 24. apríl s.l.

***<u>Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:</u>***

31. **Fundargerð 132. fundar skipulagsnefndar frá 19. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 132. fundar skipulagsnefndar frá 19. apríl. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru engar að þessu sinni.

32. **Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð 5. fundar frá 10. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð fundargerð 5. stjórnarfundar. Þar var farið yfir stöðu ferðaþjónustunnar í Uppsveitum, rætt um ljósleiðaramál og hópferð þjónustuaðila. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
33. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 42. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 42. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. Þar var fjallað um yfirferð yfir skráningu mannvirkja, breytingu á heiti byggðarsamlagsins og ársreikningur kynntur. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
34. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 43. fundar stjórnar frá 19. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 43. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. Þar var ársreikningur fyrir 2016 lagður fram til samþykktar og samþykkt að breyta nafni byggðasamlagsins úr Skipulags og byggingarfulltrúi uppsveita í Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
35. **NOS: Fundargerð frá 6. mars s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerðina. Þar var lagt fram uppgjör skólaþjónustu Árnesþings og velferðarþjónustu fyrir árið 2016. Þá var rætt um kynningarfund, stöðu biðlista vegna sálfræðiþjónustu, starfsstöð náms- og starfsráðgjafa í Uppsveitum og Flóa, markmið skólaþjónustunnar, innflytjendastefnu, húsnæðisáætlun og húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustunnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
36. **NOS: Fundargerð frá 25. apríl s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerðina. Þar var farið yfir ársreikning Skóla- og velferðarþjónstunnar 2016, rætt um stöðu varðandi tilvísanir til sálfræðings, húsnæðismál og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir að sálfræðingur verði ráðinn í verktöku til að vinna á biðlistum. Þá er einnig samþykkt tillaga um að fela formanni NOS að hefja samningaviðræður við eigendur hentugs húsnæðis fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

***Önnur mál:***

37. **Beiðni um lengingu á opnunartíma leikskólans Undralands.**
Oddviti kynnti beiðni frá nokkrum foreldrum um að opnunartími leikskólans Undralands verði lengdur um klukkustund. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til skólanefndar til skoðunar.

***Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:***

a. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 2. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
b. **Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 18. fundar fagráðs frá 25. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
c. **Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 19. fundar fagráðs frá 2. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
d. **SASS: Fundargerð 518. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
e. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 255. fundar stjórnar frá 3. maí s.l**
Lagt fram til kynningar.

***Kynningarmál:***

f. **Kerlingarfjallavinir: Fundargerðir stjórnar.**
Lagt fram til kynningar.
g. **Kerlingarfjallavinir: Fundargerð aðalfundar frá 13. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
h. **Skipulags og byggingarfulltrúi uppsveita bs: Deiliskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
i. **Vodafone: Ljósleiðari.**
Lagt fram til kynningar.

j. **UMFÍ: Ályktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugabakka 2017.**
Lagt fram til kynningar.
k. **HSK: Samþykkt.**
Lagt fram til kynningar.
l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 849. fundar stjórnar frá 31. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
m. **Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.

***<u>Fundir framundan</u>***
n. **Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundur 11. maí á Hótel Selfossi.**
Lagt fram til kynningar.
o. **Límtré Vírnet ehf: Aðalfundur 17. maí n.k. á Hótel Natura.**
Lagt fram til kynningar.
p. **Hitaveita Grafarhverfis ehf: Aðalfundur 22. maí n.k. að Hótel Flúðum.**
Lagt fram til kynningar.
q. **Landskerfi bókasafna hf: Aðalfundur 24. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.

***<u>Skýrslur á skrifstofu:</u>***
r. **Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.
s. **Hótel Flúðir: Ársreikningur 2015.**
Lagt fram til kynningar.
t. **Eignarhaldsfélag Suðurlands: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.
u. **Rarik: Ársskýrsla 2016**
Lagt fram til kynningar.
v. **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum: Starfsskýrsla 2013-2016.**
Lagt fram til kynningar.
w. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársreikningur 2016.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi lauk kl. 16.50.